


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>Áfangaheiti ÍSLE1LB04</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Anna Lilja Harðardóttir	<b>Sk.st.</b>	ALH
----------------	-------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða helstu undirstöðuatriði málfræði, ritunar og framsagnar rifuð upp. Auk þess verður farið í helstu grunnhugtök í bókmenntum. Unnið verður markvisst að því að bæta lesskilning nemenda með lestri ýmiss konar texta og bókmenntaverka. Ritun verður æfð með markvissum hætti og farið í undirstöðuatriði í byggingu ritsmíða. Nemendur verða þjálfaðir í að nýta sér hjálpargögn s.s. tölvuorðabækur til að bæta og lagfæra eigin texta. Verkefni á Moodle sem tengjast bókmenntum. Nemendur vinna og kynna sum verkefni sín ýmist einir og/eða með öðrum.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnatriðum málfræðinnar, helstu reglum við ritun og notkun hjálpargagna
- grunnhugtökum í bókmenntum og ljóðagreiningu
- mikilvægum atriðum sem einkenna góða framsögn og umræður
- mikilvægi þess að búa að góðri lestrarfærni, t.d. góðum lesskilningi

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina hefðbundin ljóð með tilliti til myndmáls og bragfræði
- lesa sér til gagns og gamans skáld- og smásögur og greina inntak þeirra
- skrifa mismunandi gerðir texta og tjá sig munnlega og skriflega
- beita viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- vinna fjölbreytt verkefni þar sem reynir m.a. á sköpun og frumkvæði

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um inntak skáld- og smásagna og dýpka lesskilning sinn
- lesa og túlka texta þótt merkingin liggja ekki á yfirborðinu
- nýta ritreglur og hjálpargögn við ritun og kynna og ræða eigin efni
- vinna skapandi verkefni, t.d. í tengslum við vinnu með texta nota viðeigandi hjálpargögn við frágang eigin texta


**Námsgögn:** Íslenska eitt. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson. Útg. Mál og menning.

Les- og vinnuhefti sem fæst á skrifstofu skólans.

### Áætlun um yfirferð:

**1. lota:** 20. ágúst.-25. okt.

Kynning á áfanganum, nemendur kynna hver annan og skrifa kynningu á sjálfum sér. Farið verður í grunnatriði málfræði; Íslenska eitt bls. 145-155 og bls. 129-135, Les- og vinnuhefti bls. 1-24. Bókmenntaverkefni á Moodle, Kahoot verkefni og lotunni lýkur með miðannarprófi 20%. Miðannarmat 23. október

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Áfangaheiti ÍSLE1LB04</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

**2. lota:** 28. okt. - 5. des.

Uppbygging texta, nemendur þjálfá sig í skrifum á ýmsum ritunarverkefnum ásamt munnlegum flutningi. Farið í bókmenntahugtök og ljóðgreiningu – valdir bókmenntatextar. *Íslenska eitt*, bls. 30-43, bls. 54-70 og 95-110, *Les- og vinnuhefti* bls. 25-46 og Moodle verkefni tengd bókmenntum

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþáttar</b>	<b>Vægi</b>	
Lesskilningur	Verkefni tengd bókmenntum á Moodle og verkefni unnin í tíma úr smásögum og pistlum	10%	
Ritun	Útdráttur og ýmis ritunarverkefni á önninni	15%	
Miðannar-próf	Skriflegt próf tekið í tíma; málfræði og lesskilningur	20%	
Framsögn	Nemendur vinna og lesa verkefni sín ýmist einir eða með öðrum.	10%	
Bókmenntir	Tímaverkefni; ljóð og bókmenntahugtök	10%	
Lokapróf	Skriflegt lokapróf tekið í lok annar	35%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað:</b> Þessi námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar			

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Dagsetning:

19.05.19  
Anna Lifa Harðardóttir

Rannveig Karólína